# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 378. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. febrúar 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Málefni Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari, mætir á fundinn.
2) Fundargerð 346. fundar bæjarráðs, dags. 30. janúar 2024.
3) Fundargerð 179. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. janúar 2024.
4) Fundargerð 102. fundar íþrótta- og æskulýðsnefndar, dags. 29. janúar 2024.
5) Fundargerð 4. fundar stýrihóps um Heilsueflandi samfélag, dags. 22. janúar 2024,
6) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. janúar 2024.
7) Fundargerð fundar um kynningar- og upplýsingarmál, dags. 15. janúar 2024.
8) Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 16. janúar 2024.
9) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 21. janúar 2024..
10) Fundargerð 941. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. janúar 2024,
11) Fundargerð 460. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 15. janúar 2024.
12) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. janúar 2024, varðandi boðun á XXXIX. landsþing sambandsins.
13) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 30. janúar 2024, varðandi auglýsingu eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins.
14) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 1. nóvember 2022, varðandi tilnefningu í vatnasvæðanefnd.
15) Bréf frá velferðarnefnd, dags. 26. janúar 2024, varðandi breytingar á erindisbréfi nefndarinnar.
16) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. febrúar 2024, varðandi bréf Umhverfisstofnunar um framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár, ásamt bréfi eigenda jarðarinnar Mels í Snæfellsbæ, dags. 1. febrúar 2024, og bréfi landeigenda jarða á svæðinu sem um ræðir ásamt undirskriftalista og ósk um afstöðu bæjarstjórnar Snæfellsbæjar til erindis Umhverfisstofnunar.
17) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 24. janúar 2024, varðandi samstarfsyfirlýsingu um samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi.
18) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 15. janúar 2024, varðandi óverulega breytingu deiliskipulags á hafnarsvæði í Rifi.
19) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. febrúar 2024, varðandi reglur um takmörkun útgáfu rekstrarleyfa í íbúðarbyggð.
20) Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2024.
21) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 6. febrúar 2024**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**346. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 30. janúar 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Pakkhúsið í Ólafsvík.**
Á fundinn mættu Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Jóhannes Stefánsson og Heimir Berg fyrir hönd menningarnefndar Snæfellsbæjar til að ræða málefni Pakkhússins. Voru þau boðin velkomin.
Umræða skapaðist um framtíðarsýn Pakkhússins og önnur menningartengd viðfangsefni.
Var Ingunni, Helgu, Jóhannesi og Heimi þökkuð koman og viku þau nú af fundi.

2) **Opnunarskýrsla Ríkiskaupa vegna sorphirðu í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ.**
Bæjarstjóri fór yfir málið.

3) **Bréf frá Bjarna Sigurbjörnssyni, dags. 22. janúar 2024, varðandi umsókn um styrk.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að styrkja framtakið um kr. 500.000.-

4) **Bréf frá leikskólastjóra varðandi ósk um forgangsröðun fjármuna í fjárhagsáætlun 2024.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu og bjóða leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á næsta bæjarráðsfund til að ræða málin.

5) **Bréf frá leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, dags. 9. janúar 2024, varðandi ósk um nýtt stöðugildi við leikskólann.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu og bjóða leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á næsta bæjarráðsfund til að ræða málin.

6) **Umsókn frá Ingu Fanneyju Jónasdóttur, dags. 9. janúar 2024, um að fá að halda köttinn Prins Tari.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. janúar 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hvítra Máva ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C-minna gistiheimili, að Skólabraut 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Umrætt hús stendur inni í íbúðagötu þar sem er skilgreint íbúðasvæði skv. aðalskipulagi. Gistiheimili á þessum stað myndi valda miklum óþægindum fyrir íbúa og því getur bæjarráð ekki heimilað slíkt, enda er viðkomandi eign íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði skv. aðalskipulagi. Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna fyrir sitt leyti umsókn um leyfi til reksturs gistiheimilis að Skólabraut 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ.

8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. janúar 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Nónhúss ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-Frístundahús, að Nónhól á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Nónhóls ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, tegund H-frístundahús að Nónhól á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

9) **Bréf frá Persónuvernd, dags. 11. janúar 2024, varðandi ákvarðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.**
Lagt fram til kynningar.

10) **Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 9. janúar 2024, varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.

11) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. desember 2023, varðandi afskriftarbeiðnir.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðnir nr. 202309271304017, 202311281218196, 202311281220275, 202311281235584, 202311281240245 og 202311291532434.

12) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir vatnsmál.
b) Bæjarstjóri sagði frá því að fimmtudaginn 1. febrúar verði vígt hús Félags eldri borgara í Snæfellsbæ við Ólafsbraut 23.
c) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:42**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Auður Kjartansdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 179179. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 25. janúar 2024 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**
Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

1. **DSK_Klettsbúð 7A og 9_Lýsing vegna umsóknar um nýtt deiliskipulag - 2311003**

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir miðsvæði Hellissands. Eftir kynningu lýsingar á Skipulagsgátt (mál nr. 953/2023) bárust umsagnir frá 11 umsagnaraðilum og er í tillögunni leitast við að verða við framkomnum ábendingum. Þar er gert ráð fyrir að hækka núverandi hótel um eina hæð og verður það þriggja hæða með lítt hallandi þaki. Auk þess er fyrirhugað að reisa tveggja hæða viðbyggingu fyrir hótelherbergi og einnar hæðar viðbyggingu við matsal.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Nefndin mælir með að tillögunni verði beint í 6 vikna auglýsingarferli samkvæmt 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

2. **DSK_Ölkelda_Nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Ölkeldu - 2310011**

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi í land Ölkeldu á reit F-4. Eftir kynningu lýsingar á Skipulagsgátt (mál nr. 947/2023) bárust umsagnir frá 9 umsagnaraðilum og er í tillögunni leitast við að verða við framkomnum ábendingum. Svæðið er innan frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi eftir óverulega breytingu. Þar eru tvö frístundahús og gert er ráð fyrir að á umræddum reit verði sjö nýjar lóðir skipulagðar til viðbótar. Nýjar lóðir verði að lágmarki 3.000 fm og verði húsin lágreist og að hámarki 140 fermetrar að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Nefndin mælir með að tillögunni verði beint í 6 vikna auglýsingarferli samkvæmt 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

3. **DSK_Nýtt deiliskipulag að Öxl - 2401011**

Lögð er fram lýsing og matslýsing vegna nýs deiliskipulags í landi Axlar. Í óverulegri breytingu aðalskipulags voru núverandi reitir fyrir verslun og þjónustu minnkaðir sem



MPG Hff KH 77 M.G HH TR

nemur stærð nýs reitar fyrir verslun og þjónustu sunnar og vestar á jörðinni. Aðalskipulagsbreytingin er í staðfestingarferli.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um staðfestingu óverulegrar aðalskipulagsbreytingar. Eftir staðfestinguna aðalskipulagsbreytingarinnar verði lýsingin kynnt í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

4. **DSK_Dalbrekka_Nýtt deiliskipulag - 2401013**

Kynnt er vinnslutillaga á lýsingu og matslýsingu fyrir nýtt hverfi austast í Ólafsvík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur í jákvætt í erindið og leggur áherslu á að lýsing verði kynnt fyrir íbúum á kynningarfundi og einnig deiliskipulagstillaga þegar þar að kemur.*

*Kynnt*

5. **ASK og DSK_Krossavík - Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2203012**

Kynntur er úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem barst 31. janúar 2024 vegna kæru á ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar frá 19. júlí 2023 um að samþykkja nýtt deiliskipulag Krossavíkurbaða.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynntur úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun bæjarstjórnar um nýtt deiliskipulag Krossavíkurbaða stendur.*

*Kynnt*

6. **Lækjarbakki 6 - Umsókn um 38,8 fm frístundahús - 2401017**

Ívar Kristjánsson sækir um leyfi fyrir 38,8 fm frístundahúsi úr bjálka á einni hæð. Húsið verður staðsett um 4,3 metra suður af núverandi húsi á Lækjarbakka 6.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfærð gögn með réttri afstöðumynd, grenndarkynningu fyrir eigendum Lækjarbakka 3, 4 og 8 og í samræmi við byggingarreglugerð.*

*Samþykkt*

7. **Snæfellsás 5_Umsókn um leyfi fyrir gluggaskiptum og svalahurð - 2401008**

Miroslaw Stepinski sækir um leyfi fyrir gluggaskiptum og svalahurð á húsi sínu að Snæfellsási 5.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd erindið og felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda um björgunarop.*

*Samþykkt*

8. **Hellisbraut 4_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 122,7 fm einbýlishúsi - 2401020**

Indro Indriði Candi, hönnuður, sækir fyrir hönd Elfu Frið Haraldsdóttur og Leós Blæs Haraldssonar um byggingarleyfi fyrir 122,7 fm nýbyggingu á lóðinni Hellisbraut 4. Um er að ræða nýbyggingu/einbýlishús á einni hæð úr krosslímdum timbureiningum, klætt ólituðu timbri og er áformað að hafa gróðurþak. Sjá meðfylgjandi aðaluppdrætti.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*



KH ?? AH

MPG M.C

Hk TK.

**9. Lýsuhóll_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 430,8 fm gistihúsi - 2401022**

Haraldur Valbergsson hjá Teiknistofunni Örk sækir fyrir hönd Agnars Gestssonar um byggingarleyfi fyrir 12 herbergja gistihúsi fyrir ferðaþjónustu í landi Lýsuhóls. Gistihúsið er 430,8 fm timbureiningahús á einni hæð klætt með liggjandi lerkipanil.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu þar sem stærð húss er meiri en leyfilegt er samkvæmt gildandi deiliskipulagi, en byggingin er mun minni en byggingarreitur.. Gera skal grein fyrir aðgengi að slökkvivatni.*

*Samþykkt*

**10. Arnarstapavegur_Umsókn um endurnýjað stöðuleyfi fyrir matarvagn - 2401024**

Filip Procházka sækir um endurnýjað stöðuleyfi fyrir matarvagni sínum sem staðsettur er á nýja bílastæðinu við Arnarstapaveg á Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**11. Sæluhúsið á Fróðarheiði - 2401021**

Á 178. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 4. janúar 2024 var ástand sæluhússins á Fróðárheiði rætt undir liðnum "Önnur mál". Sæluhúsið hafði þá áður verið rætt á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 2. nóvember 2023. Nefndin sendi erindi á bæjarstjórn þar sem þeirri hugmynd er beint að bæjarstjórn að mynda samstarf Vegagerðarinnar, Minjastofunar og sveitarfélagsins um varðveislu hússins og sögu þess. Húsið hafi mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og mætti athuga með styrki frá Uppbyggingarsjóði ferðamanna.

Kynnt er afgreiðslubréf bæjarstjórnar varðandi erindi umhverfis- og skipulagsnefndar. Erindið var tekið fyrir þann 11. janúar 2024 á fundi bæjarstjórnar og samþykkti bæjarstjórn samhljóða að fela tæknideild Snæfellsbæjar að ræða við Vegagerðina um þetta verkefni.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild að senda erindi til Vegagerðarinnar vegna viðhalds og endurbóta hússins.*

*Í vinnslu*

**12. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár - 2401023**

Lögð er til kynningar tillaga Umhverfisstofnunar að framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár Norður-Mýrar og Álftanes-Áltárós-Langárós

*Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar samþykki ekki tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár á landi nema með samþykki landeigenda. Einnig leggur Umhverfis- og skipulagsnefnd áherslu á að aðgengi um fyrirhugað svæði verði ekki skert.*

*Kynnt*

**13. Önnur mál - 2401007**

- Samvinnuverkefni á Arnarstapa

Verkefni rætt og ákveðið að hafa vinnufund fyrir næsta umhverfis- og



MPG M.G HH

skipulagsnefndarfund

- Rafrænar undirskriftir teikninga
Kynnt

- Rekstrarleyfi gististaða í íbúðarbyggð
Rekstrarleyfi í íbúðarbyggð rædd. Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að móta reglur með það að markmiði að takmarka útgáfu rekstrarleyfa í íbúðarbyggð.

- Simply the West afþreyingarfyrirtæki sendir inn kynningu á starfsemi sinni og áformum um ferðaþjónustu innan Snæfellsbæjar
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið.

- Nýtt fjarskiptamastur Mílu
Möguleg staðsetning nýs fjarskiptamasturs kynnt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.**

# Íþrótta- og Æskulýðsnefnd

*102. fundur - 29. janúar 2024 kl.20:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Gylfi Freyr Karlsson

Margrét Vilhjálmsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Líkamsræktartæki
   Áframhaldandi umræður um líkamsræktartæki utandyra. Athuga hvort hægt er að fá félög til að styrkja um eitt tæki og einnig fá tilboð í þessi tæki frá ýmsum aðilum, og ætlar Kristfríður að ganga í það verkefni.
2. Íþróttamanneskja Snæfellsbæjar 2024
   Rætt var að halda viðburð tengt íþróttamanneskju Snæfellsbæjar og fá ungmennafélagið, golfklúbbinn, hestamannafélagið, Mfl. Reynir og Mfl. Víking Ó að taka þátt í því verkefni.
3. Stækkun félagsmiðstöðvarinnar Afdrep er væntanlegá dagskrá. Stækkar verður út í bílsskúrinn og verður þá allt húsnæðið undir Afdrep. Nýta rýmið einnig fyrir fleiri félög, einstaklinga og hópa.
   Einnig verður Afdrep opin í sumar, verður boðið upp á sumarnámskeið. Prófað verður áfram með það og er það ætlað ungmennum í 1.-10. bekk.
4. Fólks aukning í sundlaug og íþróttahúsið, sem er jákvæðar fréttir.
5. Ungbarnasundkennsla í boði á næstu misserum.

Annað:

Agavandamál áberandi í knatsspyrnu hjá ungum krökkum. Umræður og vangaveltur.

Fundi slitið kl.21:00

## Heilsueflandi Samfélag

*4. fundur - 22. janúar 2024 kl.20:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Vilborg Lilja Stefánsdóttir

Alma Clausen

Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Kristfríður er að setja saman heildarlista yfir hvað heilsuefling er
2. Kristfríður er að fara á ráðstefnu í mars með öðrum sveitafélögum um heilsueflandi samfélög
3. Fyrirhugað er stækkun á félagsmiðst-ðinni og með því aukast möguleikar fyrir aðra að nota félagsmiðstöðinna
4. Útitæki nefndin samþykkir að fé sem er eyrnamerkt heilsueflandi samfélagi verði notað í það
5. Huga verður að ungmennum og einstaklingum í viðkvæmum stöðu t.d eins og einangrun

Fundi slitið kl.21:00

***Fræðslunefnd Snæfellsbæjar***

***Fimmtudagur 25. janúar 2024 – Ráðhús Snæfellsbæjar***

***Fundur settur kl. 18:00***

*Fundinn sátu:*

Sigrún Erla formaður

Margrét Sif ritari

Dagbjörg Dúna

*Málefni fundarins:*

1. Bréf frá meistaranema þar sem viðkomandi er að vinna lokaverkefni með því að rannsaka hvernig kennarar og leikskólastarfsmenn á Íslandi skynja áhuga sinn á tónlist og gerð verður spurningarkönnun og er þetta ætlað starfsfólki leikskólanna í Snæfellsbæ. Könnunin er nafnlaus og ekki er beðið um persónugreinanlegar upplýsingar þátttakenda.

   *Fræðslunefndin samþykkti könnunina og vill að þetta verði sett í hendur leikskólastjóra fyrir næstu skref í könnuninni.*

2. Fræðslunefndin ræddi einnig spurningar sem þau eru að fá út af mottum sem eru undir leiktækjum á leikskólunum Krílakoti og Kríubóli. Fólk er að velta fyrir sér af hverju það er ekki búið að fara í að skipta um motturnar því þetta var samþykkt af bæjarstjórn í fyrra.

   Því veltir nefndin fyrir sér á hverju strandar þessi framkvæmd og hvort það sé ekki hægt að fara í þetta um leið og veður leyfir.

Fundi slitið 18:30

**Fundur um kynningar- og upplýsingarmál, haldinn mánudaginn 15. janúar 2024, kl. 10:00.**

**Mætt: Kristinn Jónasson, bæjarstjóri, Lilja Ólafardóttir, bæjarritari og Heimir Berg, markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar**

1) Heimir fór yfir helstu verkefni í janúar 2024 en hann er þessa dagana mest í sérhæfðum stafrænum umbreytingarverkefnum.

- **Cludo-leitarvél**
  - Verkefni sem byrjaði sem samstarf sveitarfélaga við innleiðingu á spjallmenni á heimasíður sveitarfélaga. Búið að þróast yfir í bætta leitarvél byggðri á gervigreind. Um er að ræða samvinnuverkefni með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og faghóp um stafræna umbreytingu sveitarfélaga sem Snæfellsbær er þátttakandi í.
- **Íbúagátt**
  - Er að færa allar umsóknir á stafrænt form og gera aðgengilegar í íbúagátt Snæfellsbæjar.
  - Flestar umsóknir tæknideildar eru þegar komnar inn.
- **Fundagátt**
  - Vinn að innleiðingu á fundagátt fyrir nefndir Snæfellsbæjar. Allt nefndarfólk komið inn, næsta skref að kynna fyrir formönnum/riturum og taka í gagnið.
- **Kjarni + Alfreð + snb.is**
  - Við erum að taka upp starfsmanna- og ráðningavef sem tengist mannauðskerfinu Kjarna frá Origo. Mun auðvelda umsýslu og fækka skrefum fyrir forstöðumenn og launafulltrúa.
- **Heimasíða**
  - Sífellt að uppfæra efni. Tengist m.a. cludo-leitarvél. Því meiri upplýsingar sem liggja á vefsíðunni, því betri leitarniðurstöður.
- **Erró-listaverk**
  - Vinn með Listasafni Reykjavíkur og samstarfsfólki Erró að uppsetningu á listaverki eftir Erró í Ólafsvík. Búið er að velja listaverk og næstu skref eru að setja það í framleiðslu og vinna með tæknideild að útfærslu.
- **Borðkort af Ólafsvík**
  - Unnið að sambærilegu borðkorti og við gáfum út sl. sumar af Hellissandi.
- **Lýsulaugar á Mannamót**
  - Mannamót ferðaþjónustuaðila á landsbyggðinni 18. janúar í Kórnum í Reykjavík.

2) Rætt um sýnileika Snæfellsbæjar á samfélagsmiðlum og möguleikann á að deila "stories" frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu á samfélagsmiðlum Snæfellsbæjar.

4. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi
þriðjudaginn 16. janúar 2024 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Fórum yfir það sem búið var að gerast síðan síðast.
   - ✓ Samþykkt var að fara í framkvæmdir á þakinu, búið að fá verktaka en ekki komin dagsetning hvenær þær hefjast en vonandi sem fyrst.
   - ✓ Ný varmadæla er komin í húsið og er mikill munur á hitanum
   - ✓ Leifur búin að klára að ganga frá í eldhúsinu og fær hann hrós fyrir frábær vinnubrögð

2. Heita vatnið
   Kvartanir hafa borist að heita vatnið sé svo fljótt að klárast. Ævar var búinn að skoða málið og þá er einn kúturinn ekki tengdur og var ákveðið að fá Hjölla í málið. Einnig til að athuga hvort að það sé ekki hægt að fá sturturnar í lag í búningsklefunum.

3. Heimsókn
   Guðrún sagði að hún ætti von á bæjarstórninni í vettvangsskoðun í byrjun febrúar og fögnum við því.

4. Annað
   Nefndin er alveg á því að það megi fara skoða að endurnýja húsbúnað í húsinu en auðvita er fyrst á dagskrá að koma í veg fyrir leka og fá nýja glugga fyrir þá sem eru orðnir ónýtir

Fleira ekki gert fundi slitið 14:10

Sigrún Ólafsdóttir

Velferðarnefnd

8.fundur

21.janúar.2024

**Mættir eru**: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir og Kristgeir Kristinsson.

**Fundur settur klukkan 13.00**

**Farið yfir fundargerð síðasta fundar**

**Bréf til bæjarstjórnar**

Nefndin ræðir bréfaskrif til bæjarstjórnar þar sem nefndin óskar eftir því að íbúðarmál verði tekin af ábyrgð velferðarnefndar. Það virðist nokkuð ljóst að það er hvorki vilji né áhugi hjá bæjarstjórn að nefndin komi að þessum málum og teljum við því rétt að fara fram á það við bæjarstjórn að hlutverki nefndarinnar verði breytt á þann hátt að hún fjalli ekki lengur um húsnæðismál Snæfellsbæjar á nokkurn hátt. Samþykkt að senda bréf.

**Forvarnarmál**

Lögreglan kynnti samstarfsverkefni fyrir áramót sem snýr að forvarnamálum barna og unglinga í samfélaginu. Kristgeir sat fundinn fyrir hönd velferðarnefndar og Viktoría fyrir hönd heilsugæslunnar. Beðið eftir næsta fundarboði.

**Akstursþjónusta**

Komin er af stað akstursþjónusta fyrir fatlaða sem bærinn sinnir, sem nefndin er mjög ánægð að sjá. Þjónustuna á að endurmeta m.t.t. skipulags og fleira í lok janúar.

**Fundi slitið klukkan 14.16**

# Fundargerð 941. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 12. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir , Valgerður Rún Benediktsdóttir , Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaramála - 2301032SA**

   Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.

   *Í ljósi efnahagsþróunar telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að mikilvægt sé að horft verði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Komi til þess þá er Sambandið tilbúið til að koma að slíku átaki.*

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 09:05.

2. **Fundargerð 940. fundar - 2301014SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 940 fundar stjórnar sambandsins frá 15. desember 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

3. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

   Lögð fram fundargerð 92. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 15. desember 2023.

4. **Fundir Jónsmessunefndar - 2301035SA**

   Lagðar fram fundargerðir 30., 31., 32. og 33. samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 14. júní, 9. október, 8. og 22. nóvember 2023.

5. **Starfshópur um starfskjör - 2311004SA**

   Rætt um hugmyndir starfshóps um starfskjör.

6. **Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA**

   Rætt um skipulagsbreytingarnar og undirnefndir stjórnar.

   *Formanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir fyrirkomulag undirnefnda og koma með tillögu inn á næsta stjórnarfund.*

7. **Endurmörkun sambandsins - 2401009SA**

Samskiptastjóri gerði grein fyrir hugmynd að endurskoðun á heildarútliti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn felur samskiptastjóra að vinna að endurmörkun í samvinnu við framkvæmdastjóra og koma með tillögur inn á fund stjórnar í febrúar.*

8. **Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2024-2038 - 2401010SA**

Lögð fram þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023.

9. **Slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2310043SA**

Lagt fram minnisblað stjórnsýsluviðs sambandsins, dags. 11. janúar 2024, um drög að frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, ásamt umsögn sambandsins, dags. 21. nóvember 2023.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur fyrirliggjandi frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila ekki þjóna hagsmunum sveitarfélaga. Frumvarpið mun ekki gagnast sveitarfélögum sem nú þegar hafa úrræði til þess að bregðast við ógjaldfærni B-hluta stofnana sveitarfélaga, auk þess sem frumvarpið er til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu og lánskjör B-hluta stofnana sveitarfélaga. Stjórn leggur áherslu á horft verði til hagsmuna sveitarfélaga hvað þetta varðar með það að markmiði að stofnanir sveitarfélaga verði ekki að neinu marki undir gildissviði laganna.*

10. **Matshópur um varúðarsjóð Brúar lífeyrissjóðs - eignir varúðarsjóðs - 2401001SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 28. desember 2023, um eignir varúðarsjóðs.

11. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - dómur Héraðsdóms Reykjavíkur - 2401015SA**

Lagt fram til kynninar bréf Sigurðar Inga Jóhannessonar, innviðaráðherra, dags. 9. janúar 2024, sem sent var til allra sveitarstjórna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

12. **Landsþing 2024 - 2304024SA**

Lagt fram til kynningar erindi sem var sent sveitarfélögum þann 10.janúar sl. um boðun XXXIX. landsþings sambandsins sem haldið verður í Silfurbergi í Hörpu 14. mars 2024.

13. **Tilnefning í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna 2024-2028 - 2311021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Gunnar Gíslason, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri, og Jónína Rós Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Norðlingaskóla, eru tilnefnd í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna.

14. **Tilnefning í stjórn miðstöðvar barnamenningar - 2312006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Jana Salóme Jósepsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Eyþór Stefánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi, eru tilnefnd í stjórn miðstöðvar barnamenningar.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

15. **Tilnefning í landskjörstjórn - 2310053SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. oddviti, er tilnefndur sem aðalmaður í landskjörstjórn. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags, 8. janúar 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, er tilnefndur sem varamaður Magnúsar Karels, í landskjörstjórn.

16. **Tilnefning í verkefnisstjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 2312040SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur sambandsins, eru tilnefnd í verkefnisstjórn IHS.

17. **Tilnefning í starfshóp um námsgögn - 2312037SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. desember 2023, þar sem Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, og Valdimar Víðisson, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um námsgögn. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. **Tilnefning í stjórn þróunarsjóðs námsgagna - 2312030SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2024, þar sem Hjálmar Bogi Hafliðason, sveitarstjórnarfulltrúi í Norðurþingi, og Hela Þórðardóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn þróunarsjóðs námsgagna.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2312012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. desember 2023, um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.

20. **Umsögn um drög að reglugerð um merki fasteigna - 2312034SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, um drög að reglugerð um merki fasteigna, mál nr. S-258/2023.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2312013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 10. janúar 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, mál nr. S-253/2023.

Fundi var slitið kl. 10:10.

# Fundargerð 460. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, mánudaginn 15. janúar kl. 09:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Björn Arnaldsson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 459. fundar - 2301001HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 459. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 8. desember 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Umsögn um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2312003HA**

   Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til Matvælaráðuneytisins, dags. 10. janúar 2024, um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023.

3. **Mengunarvarnaráð hafna - 2312004HA**

   Lögð fram fundargerð mengunarvarnaráðs hafna frá 24. nóvember 2023. Einnig lögð fram vegna 4. liðar fundargerðarinnar, IMSAS úttekt OSRL 2018.

4. **Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 43. fundar Siglingarráðs frá 14. september 2023.

5. **Fundir stjórnar 2024 - 2211001HA**

   Rætt um fundarskipulag stjórnar 2024. Vorferð 6.-7.maí

6. **Öryggismál - 2312002HA**

   Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til Siglingaráðs IRR, dags. 5. janúar 2024, um öryggisúttekt vegna siglingar skemmtiferðaskipa við strendur Íslands.

7. **Fjarvigtun - 2009021HA**

   Rætt um tilraunaverkefni um fjarvigtun en ekki er komið á hreint hvaða hafnir taka þátt í verkefninu.

8. **Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index - Epi - 2302001HA**

   Formaður gerir grein fyrir stöðu málsins..

9. **Boðun hafnasambandsþings 2024 - 2210002HA**

   Lögð fram drög að bréfi hafnasambandsins til aðildarhafna Hafnasambands Íslands 2024, þar sem boðað er til hafnasambandsþings 24.-25. október 2024.

Fundi var slitið kl. 09:35

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 10. janúar 2024

2304024SA VRH
Málalykill: 00.03

**Efni: Boðun XXXIX. landsþings sambandsins**

Samkvæmt 7. gr. samþykkta Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXIX. landsþings sambandsins fimmtudaginn 14. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Silfurbergi í Hörpu og hefst það kl. 10:00 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu er áformað að halda aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir fulltrúar í sveitarstjórnum seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku. Til aðalfundar lánasjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykkta sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 1. mars 2024.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri þjónustusviðs

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 30. janúar 2024

1503002LA ÓG
Málalykill:711

**Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga**

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Magnús B. Jónsson, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 14. mars næstkomandi í Hörpu í Reykjavík. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á kl 12:00 á hádegi miðvikudaginn 21. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, mbjorn@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/kjornefnd-2024.

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. kjörnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Óttar Guðjónsson

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, kt. 580407-1100, sími 515 4900, fax 515 4903, www.lanasjodur.is

Qualified Electronic Signature
AÐALBJÖRG BIRNA GUTTORMSDÓTTIR
2022-11-01 15:42:27 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SIGRÚN ÁGÚSTSDÓTTIR
2022-11-03 14:46:42 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Til sveitastjórna

Reykjavík, 1. nóvember 2022
UST202209-125/Ý.G.
00.06

**Efni: Tilnefning í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála**

Með setningu laga um stjórn vatnamála var sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, eftirlitsaðila, hagsmunaaðila og almennings. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í apríl síðastliðnum, fyrir árin 2022-2027.

Ísland er eitt vatnaumdæmi samkvæmt skilgreiningu laga, en landinu er skipt í fjögur vatnasvæði og á hverju svæði skal starfa vatnasvæðanefnd. Hlutverk vatnasvæðanefnda er fyrst og fremst að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar og veita upplýsingar vegna gerðar vöktunaráætlunar, aðgerðaráætlunar og vatnaáætlunar. Vatnasvæðanefnd skal einnig vera rannsóknastofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði. Heimilt er að stofna stýrihóp innan hverrar vatnasvæðanefndar til að samræma framkvæmd vinnunnar.

Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðanefnd ásamt varamönnum og skal óska eftir tilnefningum í hana frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður nefndarinnar og boðar til fundar a.m.k einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að sveitarfélög tilnefni fulltrúa sinn, og annan til vara, sem og fulltrúa náttúruverndar- eða umhverfisnefndar sveitarfélags ef slík nefnd starfar á svæðinu, í vatnasvæðanefnd með tilvísan í 6. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Þar sem mörk vatnasvæðanefnda geta náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag þá er sveitarfélögum heimilt að sameinast um fulltrúa í vatnasvæðisnefnd. Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Tilnefningar óskast eigi síðar en 21. nóvember n.k. með rafrænum hætti á eyðublaði í Microsoft Forms: https://forms.office.com/r/9M4Fs3vMtx.

Staðfesting á tilnefningu óskast með tölvupósti á ust@ust.is með tilvísun UST202209-125.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir,
*forstjóri*

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir,
*sviðsstjóri*

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Snæfellsbær, 26. janúar 2024**

**Varðandi: erindisbréf velferðarnefndar**

Í bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar er tekið fram að nefndin fari með húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál skv. húsaleigulögum nr. 36/1994.

Í erindisbréfi velferðarnefndar er tekið fram að einn af verkefnum nefndarinnar sé að hafa umsjón með málefnum sem varða félagslegt leiguhúsnæði sveitarfélagsins.

Það virðist nokkuð ljóst að það er hvorki vilji né áhugi hjá bæjarstjórn að nefndin komi að þessum málum og teljum við því rétt að fara fram á það við bæjarstjórn að hlutverki nefndarinnar verði breytt á þann hátt að hún fjalli ekki lengur um húsnæðismál Snæfellsbæjar á nokkurn hátt.

Með von um góðar undirtektir og skjót viðbrögð.

**Velferðarnefnd**

f.h.

Gunnhildur K. Hafsteinsd.

SNÆFELLSBÆR
*Þar sem jökulinn ber við loft...*

Berist til bæjarstjórnar

Snæfellsbæ, 5. febrúar 2024
*2401023VHK*

**Efni: Framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár**

Á 179. fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 25. janúar 2024 var ofangreint erindi tekið fyrir.

Lögð er til kynningar tillaga Umhverfisstofnunar að framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár Norður-Mýrar og Álftanes-Áltárós-Langárós

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar samþykki ekki tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár á landi nema með samþykki landeigenda. Einnig leggur Umhverfis- og skipulagsnefnd áherslu á að aðgengi um fyrirhugað svæði verði ekki skert.

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

Ragnar Már Ragnarsson
Byggingarfulltrúi

SNÆFELLSBÆR BYGGINGARFULLTRÚI

EARTHCHECK

## Kristinn Jónasson

**From:** Oddný Erlendsdóttir <oddny@byko.is>
**Sent:** fimmtudagur, 1. febrúar 2024 09:20
**To:** Kristinn Jónasson
**Subject:** RE: Framvæmdaáætlun náttúruminjaskrár jörðin Melur Snæfellsbæ
**Attachments:** Umhverfisstofnun03_01_2024.pdf; Scan_oddny_010220242120_001.pdf

Þú færð ekki oft tölvupóst frá oddny@byko.is. Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt

Sæll Kristinn samkvæmt samtali.

Meðfylgjandi eru andmæli frá eigendum jarðarinnar Mels F2113746 – F2526797 þar sem við mótmælum því að jörðin sé á tillögu náttúrfræðistofnunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.
Okkur finnst mikilvægt að Snæfellsbær styðji óskir okkar um að þessu verði alfarið hafnað.

Einnig meðf. afrit af boðuðum kynningarfundi - fjarfund, umhverfisstofnunar dags. 3 janúar 2024 ásamt vinnukorti sem sýnir þau svæði og umfang þess sem eru á framkvæmdaáætluninni.

Fyrir neðan eru ýmsir tenglar þar sem nánari upplýsingar má finna , hvetjum ykkur til að skoða sérstaklega B hluta áætlunarinnar.

Náttúrufræðistofnun

Mýrar-Löngufjörur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is)

Kortasjá ( *ath. upplýsingar um B hluta sem nær lengra inn á Snæfellsbæ*)

Náttúruminjaskrá (ni.is)

Umhverfisstofnun ( *upptaka af fjarfundinum ásamt glærum á þessari slóð.*)
Umhverfisstofnun | Löngufjörur (ust.is)

Með von um góðar undirtektir.
Kveðja
Oddný Erlendsdóttir
s. 6920706

Kópavogur 31.01.2024

Kristinn Jónasson & bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár vegna jarðarinnar Mels í Snæfellsbæ.

Eigendum jarðarinnar Mels í Snæfellsbæ F2113746 og F2526797 barst á dögunum bréf frá Umhverfisstofnun dags. 03.01.2024 þar sem að eigendum er tilkynnt að jörðin Melur, ásamt fleiri jörðum í Borgarbyggð/ Eyja- og Miklaholtshreppi séu á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá. Svæði svo kallað Norður-Mýrar og Álftanes-Álftarós-Langárós sem eru hlutar af tillögusvæðinu Mýrar-Löngufjörur, samanber meðf. bréf frá Umhverfisstofnun þar sem boðað var til kynningarfundar fyrir landeigendur í formi fjarfundar þann 18. Janúar síðastliðinn. Tekið skal fram að Umhverfisstofnun hafnaði beiðni landeigenda á þessum svæðum um staðarfund.

Eigendur Mels hafna alfarið þeim tillögum sem kynntar voru á fjarfundi Umhverfisstofnunar þann 18 janúar 2024 og sem boðað var til með bréfi frá Umhverfisstofnun dagsettu þann 3. janúar 2024

. „Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands til framvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár eru að finna á heimasíðu stofnunarinnar, https://natturuminjaskra.ni.is/". Þessum tillögum hafna landeigendur alfarið.

Það að jörðin fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá muni hafa mjög svo íþyngjandi og hamlandi áhrif fyrir eigendur. Þetta eru fyrstu skrefin í átt að friðlýsingu samkv. upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar þrátt fyrir að svo sé ekki tekið fram í umræddu bréfi.

Við erum mjög ósátt við vinnubrögð umhverfisstofnunarinnar í þessum máli, furðum okkur á slakri kynningu og alltof knöppum tíma sem er gefinn fyrir jafn mikilvægt málefni sem þetta er fyrir landeigendur.

Við óskum þess að þetta bréf og framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fyrir svæðið verði tekin fyrir á næsta bæjarstjórnarfundi og óskum eftir stuðningi ykkar í þessu máli.

Samkvæmt heimasíðu Umhverfisstofnunar þá er:" Frestur til að skila inn umsögnum og athugasemdum skal ekki vera skemmri en átta vikur". Við höfum ekki upplýsingar um hvenær sá frestur byrjar að telja.

Bendum á að B hluti tillögunnar nær til mun stærra svæðis innan Snæfellsbæjar og hvetjum við bæjarstjórn til að kynna sér þær tillögur. Náttúruminjaskrá (ni.is)

Með kveðju

Oddný Erlendsdóttir Oddný Erlendsd 270464-2119

Erlendur Kristjánsson Erlendur Kristjánsson 070439-3959

Kristján Erlendsson Kristján Erlendsson. 0910705029.

Qualified Electronic Signature
INGIBJÖRG MARTA BJARNADÓTTIR
2024-01-03 15:42:07 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
ÞÓRHILDUR MARÍA KRISTINSDÓTTIR
2024-01-04 09:41:55 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 3. janúar 2024
UST202306-427/I.M.B.
09.00

**Boð á kynningarfund - Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár – Norður-Mýrar og Álftanes-Álftárós-Langárós**

Í október 2018 fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Umhverfisstofnun að meta og greina nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, skv. ákvæðum VI. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands til framkvæmdáætlunar náttúruminjaskrár eru að finna á heimasíðu stofnunarinnar, https://natturuminjaskra.ni.is/

Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang til næstu fimm ára, skv. 2. mgr. 33. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun hefur nú unnið mat á nauðsynlegum verndarráðstöfunum og forgangsröðun úr tillögum Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt 36. gr. náttúruverndarlaga ber Umhverfisstofnun að annast kynningu á þeim tillögum sem til greina koma að fara á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Áður en til þeirrar formlegu kynningar kemur óskar Umhverfisstofnun eftir samtali og samráði við eigendur þeirra svæða sem talin er ástæða til að vinna frekar með. *Tekið skal fram að ekki er verið að vinna að friðlýsingu svæðisins heldur er verið að kynna tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.*

Meðal þeirra svæða sem Umhverfisstofnun telur ástæðu til að vinna frekar með eru svæðin Norður-Mýrar og Álftanes-Álftárós-Langárós sem eru hlutar af tillögusvæðinu Mýrar-Löngufjörur en það er lagt til vegna vistgerða og fugla. Verndargildi vistgerðanna er miðlungs til mjög hátt og verndarstaða þeirra er ófullnægjandi. Hvað varðar fuglana að þá er um að ræða hluta af alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði, ábyrgðartegundir Íslands og tegundir sem eru á lista Bernarsamningsins sem þarfnast verndar. Meðfylgjandi eru vinnukort af svæðunum en athygli er vakin á því að *undanskilið tillögunni eru heimalönd jarða og athafnasvæði.*

**Umhverfisstofnun býður landeigendum** á svæðunum á kynningarfund í fjarfundi á Teams, **fimmtudaginn 18. janúar nk. kl. 16:30**, þar sem Umhverfisstofnun mun m.a. fara yfir verkefnið, hvað það felur í sér og óskar eftir samtali við landeigendur um málið. Tengill á fundinn er á slóðinni: **ust.is/kynningarfundur-18-januar-2024**

Frekari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir ingibjorgb@umhverfisstofnun.is eða í síma 591-2000.

UMHVERFIS
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
***sérfræðingur***

Þórhildur Kristinsdóttir
***svæðissérfræðingur***




| | | | |
|---|---|---|---|
| UMHVERFIS STOFNUN | Norður Mýrar | Tillaga að svæði á framkvæmdaáætlun<br>Friðlýst svæði | Flatarmál: 434 km²<br>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun<br>Hnattstaða: ISN93<br>Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir<br>Umhverfisstofnun, dags. 25.9.2023 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| UMHVERFIS STOFNUN | Álftanes-Álftárós-Langárós | ▭ Tillaga að svæði á framkvæmdaáætlun | Flatarmál: 290 km² |
| | | | Kortavörpun: Lambert keiluvörpun |
| | | | Hnattstaða: ISN93 |
| | | | Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir |
| | | | Umhverfisstofnun, dags. 2023 |

Til:

Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Stakkhamri 05.02.2024

Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins um áform Umhverfisstofnunar að setja eftirgreind svæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá (sjá upptökur af kynningarfundi þann 18. janúar sl. https://ust.is/nattura/framkvaemdaaaetlun-natturuminjaskrar/longufjorur/ og https://ust.is/nattura/framkvaemdaaaetlun-natturuminjaskrar/langaros-ad-hjorsey/. Jafnframt hver afstaða sveitarfélagsins er um tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands til framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár frá 2018 sjá: https://natturuminjaskra.ni.is/ og Mýrar-Löngufjörur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is)

Svæðið sem Umhverfisstofnun er með til umfjöllunar nær yfir jörðina Mel í Snæfellsbæ. En tillögur frá 2018 ná yfir stóran hluta af fyrrum Staðarsveit.

Meðfylgjandi er ályktun landeigenda jarða á svæðunum „Löngufjörur (áður Norður-Mýrar)“ og „Langárós að Hjörsey (áður Álftanes-Álftárós-Langárós) sem samþykkt var á fundi landeiganda í Lindartungu í Borgarbyggð þann 28. janúar s.l. ásamt undirskriftum þeirra er málið varðar.

Erindið óskast tekið fyrir í bæjarstjórn Snæfellsbæjar til formlegrar afgreiðslu og afstaða sveitarstjórnar til erindisins verði sent til fulltrúa landeigenda Laufeyjar Bjarnadóttur, Stakkhamri á póstfang kolskor@simnet.is.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd landeigenda,

Gísli Guðmundsson, Hömluholti

Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri

Sigurður Jóhannsson, Stóra Kálfalæk

Nellý Pétursdóttir, Sveinsstöðum

# Landeigendur Löngufjörum og Langárós að Hjörsey

